



ERINDISBRÉF

Samhæfing og samþætting á mörkun Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari

Inngangur:

Takmörkuð samþætting hefur verið á mörkun Reykjavíkurbogar. Ábyrgð markaðsmála er mjög dreifð í dag. Svið og stofnanir hafa að mörgu leyti farið sínar eigin leiðir þegar kemur að markaðssetningu og skilaboð borgarinnar því verið frekar óskýr og margþætt. Mikilvægt er að samræma og samþætta mörkun borgarinnar, þannig að hún birtist sem ein heild með skýr skilaboð og sýn. Markmið og skilaboð séu ávallt með hagsmuni borgarinnar að leiðarljósi. Tryggja þarf samræmi í því hvað borgin stendur fyrir innan og utan borgarkerfisins og í samvinnu og samtali við hagaðila.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Markmið þessa verkefnis er að treysta undirstöður ímyndar höfuðborgarinnar Reykjavíkur með samþættingu og samhæfingu notkunar á merki og nafni borgarinnar og með því að búa til ramma utan öll ytri og innri samskipti í nafni Reykjavíkurborgar með heildstæðu hönnunarkerfi. Til að ná árangri í þessu starfi þarf að liggja að baki öflugt samráð og samstarf við starfsmenn og aðra hagaðila þar sem tekið er tillit til margþættrar starfsemi borgarinnar.

Helstu verkefni:

- Gerð samhæfðra leiðbeininga og reglna um meðferð og notkun á merki og nafni Reykjavíkurborgar þar sem kjarni málsins er að ávallt er skýrt að það er Reykjavíkurborg sem er að miðla efni og upplýsingum, óháð efni og miðlum.
- Gera nýjar reglur og viðmið aðgengileg á vef borgarinnar ásamt nauðsynlegum verkfærum til að gera starfsfólki og öðrum hagaðilum sem auðveldast að fara eftir þeim. Einnig skal huga að tengingu við stafrænt hönnunarkerfi borgarinnar.
- Leitast skal við að leggja fram fleiri en eina tillögu að nálgun þar sem hægt er og á við. Niðurstöðurnar eru settar upp í formlegt skjal með myndrænum lýsingum þar sem við á.
- Tillögur um útfærslu á ábyrgð og umsjón á miðlægri mörkun borgarinnar.

Starfshópin skipa:

Eva Berghóra Guðbergsdóttir, teymisstjóri samskiptateymis SBB, formaður

Karen María Jónsdóttir fulltrúi ÞON

Gíslína Petra Þórarinsdóttir fulltrúi MOF

Soffía Pálsdóttir SFS

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir VEL

Ómar Einarsson ÍTR

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson USK

Auður Björgvinsdóttir frá MOS

Ólöf Marín Úlfarsdóttir frá FAS

Íris Elfa Þorkelsdóttir fulltrúi Höfuðborgarstofu

Óli Örn Eiríksson fulltrúi atvinnuþróunarteymis



Starfsmenn:

Starfsmenn Reykjavíkurborgar starfi með honum eftir því sem við á. Hópurinn hefur heimild til aðkeyptrar ráðgjafar í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi frá 11. ágúst til 15. desember 2021 og skili tillögum til borgarritara.

Reykjavík, 11. ágúst 2021

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari